

- Staðfestið að auðkenni sjúklingsins samsvari einkvæmum auðkenniupplýsingum um sjúklinginn sem koma fram á Skysona innrennslispokanum/-pokunum og upplýsingablaðinu um lotuna. Skysona er einungis ætlað til samgena notkunar. Ekki gefa Skysona innrennslisli ef upplýsingarnar á sérstaka sjúklingamerkimiðanum sem er á innrennslispokanum samsvara ekki upplýsingum sjúklingsins sem á að fá lyfið.
- Gangið úr skugga um að allir innrennslispokarnir séu til staðar og staðfestið að hver og einn innrennslispoki sé ekki útrunninn samkvæmt meðfylgjandi upplýsingablaði um lotuna.
- Skoða skal hvern innrennslispoka með tilliti til skemmda, áður en lyfið er þítt upp og gefið með innrennslisli. Ef innrennslispoki hefur orðið fyrir skaða skal fylgja staðbundnum leiðbeiningum um meðhöndlun erfðaefnis úr mönnum og hafa samband við bluebird bio án tafar.

Lyfið látið þiðna

- Ef afgreiddir eru fleiri en einn innrennslispoki, skal þiðna og gefa hvern innrennslispoka fullkomlega áður en farið er að þiðna næsta poka.
- Ekki taka sýni úr lyfinu, breyta því, geisla það eða endurfrysta.
- Skysona er látið þiðna við 37°C í vatnsbaði eða þurrbaði. Hver innrennslispoki þiðnar á um það bil 2 til 4 mínútur. Ekki má ofþiðna (over thaw) lyfið. Ekki skilja lyfið eftir á millihlits og ekki sökkva innrennslitengjunum í vatn ef lyfið er látið þiðna í vatnsbaði.
- Eftir að lyfið hefur þiðnað á að blanda lyfið varlega með því að nudda innrennslispokann varlega þar til allt innihaldið er einsleitt.

Lyfjajöf

- Rífið hlífðarfilmuna sem hylur sæfða tengið á innrennslispokanum af og þá kemur dauðhreinsað tengið í ljós.
- Tengið innrennslispokann með lyfinu og gefið með innrennslisli samkvæmt venjubundnu verklagi viðkomandi staðar fyrir gjöf lyfja til frummeðferðar. Notið hvorki slöngusíu fyrir blóð né innrennslisdælu.
- Gefið Skysona með innrennslisli eins fljótt og auðið er og geymið það ekki lengur en í 4 klukkustundir við stofuhita (20 °C – 25 °C) eftir að lyfið hefur þiðnað.
- Gefið hvern innrennslispoka af Skysona með innrennslisli í bláæð á innan við 60 mínútum.
- Skolið allt það Skysona sem eftir er á innrennslispokanum og öllum slöngum í tengslum við hann með að minnsta kosti 50 ml af 0,9% natríumklóríðlausn til inndælingar til þess að tryggja að sjúklingurinn fái eins margar frumur og mögulegt er

Varúðarráðstafanir sem þarf að gera við förgun lyfs

Ónotað lyf og allt sem komist hefur í snertingu við Skysona (föst efni og vökvaúrgang) skal meðhöndla og farga sem mögulega smitandi úrgangi í samræmi við staðbundnar leiðbeiningar um meðhöndlun erfðaefnis úr mönnum

Tilfallandi útsetning

Ef útsetning verður lyfinu á sér stað fyrir slysi skal fylgja staðbundnum leiðbeiningum um meðhöndlun efnis úr mönnum, þær geta meðal annars sagt fyrir um þrif á húð og fót sem komist hafa í snertingu við efnið. Vinnuborð og efni sem hafa verið í snertingu við Skysona þarf að hreinsa með viðeigandi sótthreinsni.